

Mat á:

Starfsáætlun Arakletts 2022-2023

Bergdís Prastardóttir

Júní 2023

Efnisyfirlit

1. STARFSÁÆTLUN ARAKLETTS	3
2. UM LEIKSKÓLANN	4
2.1 GERÐ LEIKSKÓLA	4
2.2 LÖG UM LEIKSKÓLA	4
2.3 AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA	5
2.4 STEFNA OG HUGMYNDAFRÆÐI	5
2.4.1 <i>Vinátta – Fri for mobberi</i>	5
2.4.2 <i>Sólblómaleikskóli</i>	6
2.5 STÖÐ- OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA	6
2.6 FJÖLDI BARNNA	7
3. ÁHERSLUR ÁRSINS	7
3.1 SKIPULAGSBREYTINGAR	8
3.2 FAGLEGAR ÁHERSLUR	8
3.3. ÁHERSLUR Í FORELDRASAMSTARFI	9
4. STARFSFÓLK	10
4.1 LISTI YFIR STARFSFÓLK	10
4.2 STARFSMANNASTEFNA	11
4.2.1 <i>Móttaka nýliða</i>	12
4.3 STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN	12
4.3.1 <i>Starfsdagar</i>	12
4.3.2 <i>Símenntun</i>	13
4.3.3 <i>Markmið starfsþróunar</i>	13
4.3.4 <i>Starfsþróunarsamtöl</i>	14
4.3.3 <i>Áætlun funda skólaárið 2022-2023</i>	14
5. MAT Á SKÓLASTARFI	15
5.1 SKIMANAÁÆTLUN	17
6. FORELDRASAMSTARF	18
6.1 FRÉTTABRÉF OG HEIMASÍÐA	18
6.2 FORELDRARÁÐ	19
6.3 FORELDRAFÉLAG	20
7. SAMSTARF VIÐ GRENNDARSAMFÉLAGIÐ	20
7.1 SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA	20
7.1.1 <i>Samstarf við Klif</i>	20
7.1.2 <i>Val á miðstigi</i>	21
7.2 HEILSUGÆSLUSTÖÐ	21
7.3 TÓNLISTARSKÓLI VESTURBYGGÐAR	21
7.4. SAMSTARF VIÐ ELDRI BORGARA	22
8 ÖRYGGISMÁL	22
8.1. VINNUEFTIRLIT	22
8.2 ÖRYGGISRÁÐ, ÖRYGGISTRÚNAÐARMAÐUR OG ÖRYGGISVERDIR	22
9. SKÓLADAGATAL	22
9.1. SÉRSTAKIR DAGAR	23
10. LOKAORÐ	24

1. STARFSÁÆTLUN ARAKLETTS

Þessi starfsáætlun gerir grein fyrir starfsemi leikskólans í grófum dráttum á starfsárinu 2022-2023. Form hennar ber þess merki að margir leikskólastjórar hafa fyllt inn í hana á síðustu árum. Miklar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsemi leikskólans þar sem nýtt húsnæði verður tekin í notkun á starfsárinu. Því var lögð áhersla á að uppfæra þá kafla er snúa sérstaklega að þeim áherslum sem eru á starfinu núna og er gert grein fyrir í eftirfarandi köflum:

Kafli 3 Áherslur ársins.

Kafli 4: Starfsfólk

Kafli 7: samstarf við grenndarsamfélagið

Tilgangur með starfsáætlun er að gera skólaþróun leikskólans markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðsta ári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta. Þar sem skipt var um leikskólastjóra í september verður ekki gert grein fyrir því hvernig starf leikskólans gekk á síðasta ári í þessari starfsáætlun.

Samkvæmt lögum um leikskóla skal starfsáætlun fá umsögn foreldraráðs áður en fræðslunefnd sveitarfélagsins tekur hana til afgreiðslu. Þar sem virkt foreldraráð er ekki starfrækt við leikskólann eins og er, er þessi starfsáætlun send til foreldrafélagsins jafnframt því sem hún er send til fræðsluráðs.

Leikskólar vinna eftir aðalnámskrá leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Samkvæmt henni skal hver leikskóli mynda sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvaða hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Jafnframt skulu leikskólar skv. 14. gr. laga um leikskóla, gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnarmál eftir því sem við á. Hefðbundið er að vinna starfsáætlun í nánu samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Vegna álags á starfsfólk á síðustu mánuðum er þessi starfsáætlun er unnin einungis af leikskólastjóra.

2. UM LEIKSKÓLANN

2.1 GERÐ LEIKSKÓLA

Leikskólinn Araklettur er staðsettur á Patreksfirði og er rekinn af sveitarfélaginu.

Heimilisfang skólans er Strandgata 21 og netfang araklettur@vesturbyggd.is

Skólastjóri Arakletts er Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir, hún er faglegur leiðtogi skólans og ber ábyrgð á faglegu starfi og rekstri hans. Leikskólastjóri starfar samkvæmt starfslýsingu leikskólastjóra.

Heimasíða skólans: [Araklettur \(leikskolinn.is\)](http://araklettur.leikskolinn.is)

Leikskólinn Araklettur er þriggja deilda leikskóli. Deildirnar eru Klettur fyrir börn frá 14 mánaða til 2 ára, Krókur fyrir börn frá 2 ára til 4 ára og Kot fyrir börn frá 4 ára til 5 ára.

Leikskólinn var byggður árið 1984 og tók til starfa 23. september það ár. Áður en leikskólinn var byggður var starfræktur gæsluvöllur á sama stað og leikskólinn stendur nú frá árinu 1965.

Nálgast má umsóknareyðublöð um vistun hjá leikskólastjóra eða á vefsíðu Vesturbyggðar <https://innskraning.island.is/?id=focal2.is&path=%2FEBL-003%3Fsub%3Dvesturbyggd>

Uppsagnareyðublöð og umsóknareyðublöð vegna breytinga á dvalartíma eru hjá leikskólastjóra og á <http://araklettur.leikskolinn.is/> Þar er einnig að finna upplýsingar um leikskólagjöld. Uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við mánaðamót

2.2 LÖG UM LEIKSKÓLA

Leikskólinn Araklettur starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn upp að skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við þessi lög. Foreldrar teljast þeir sem fara með forsjá barn í skilningi barnalaga.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Leikskólar skulu stuðla að því að nám fari fram í gegnum leik og skapandi starf þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af

umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildum.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla, skv. Lögum um leikskóla 90/208, 2. gr., er:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Að huga að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

2.3 AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

Aðalnámskrá leikskóla var endurskoðuð og endurútgefin árið 2011 af Menntamálaráðuneytinu. Skulu leikskólakennarar og rekstraraðilar leikskóla taka mið af henni við daglegt starf og rekstur. Aðalnámskráin lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hver leikskóli gerir skólanámskrá með sínum áherslum og mótar sér stefnu sem síðan þarf að meta og endurskoða.

Skólanámskrá Arakletts verður endurskoðuð veturinn 2021-2022. Deildarnámskrár eru í gildi.

2.4 STEFNA OG HUGMYNDAFRÆÐI

Araklettur nýtir sér eftirfarandi stefnur og hugmyndafræði í starfsemi sinni.

2.4.1 *Vinátta – Fri for mobberi*

Araklettur tekur þátt í forvarnarverkefninu Vinátta í samvinnu við Barnaheill. Vinátta, Fri for mobberi, er þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden í Danmörku og kom þar fyrst út árið 2007. Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og hvernig hægt er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Verkefnið er aðallega unnið með 4 og 5 ára börnum. Eitt af grunngildum verkefnisins er hugrekki þ.e. að þora að láta til sín taka og geta sett sér mörk, vera hugrakkur og góður

félagi sem bregst við óréttlæti. Þetta gildi höfðar vel til okkar og hefur leikskólinn gert það að sínu.

	Vinátta var efld enn frekar í ár.
--	-----------------------------------

2.4.2 Sólblómaleikskóli

Araklettur gerðist Sólblómaleikskóli í byrjun árs 2015. Leikskólinn styrkir drenginn Tumaini Pascal í SOS Barnaþorpi. Fræðsluefni sem við fáum sent stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum fræðast um börn í öðrum löndum, hvernig þau búa við aðrar aðstæður og hvernig aðstæðurnar eru sambærilegar. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi.

	Araklettur er ennþá Sólblómaleikskóli og gerðum við verkefni tengt því í maí og júní. Þó hafa áherslur sólblómaleikskólans þurft að víkja fyrir áherslum á málþroska og félagsþroska.
--	---

2.5 STÖÐ- OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Vesturbyggð er með samning við Ásgarð skólaráðgjöf, Tröppu talþjálfun og Litlu kvíðameðferðarstöðina er varar sérfræðiþjónustu. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra.

Faglegur stuðningur ráðgjafa Ásgarðs við skólastjórnendur, kennara, foreldra og annað starfsfólk felst fyrst og fremst í stuðningi, aðstoð við framkvæmd, að finna lausnir og rjúfa einangrun. Skólastjórnendur eru ávallt framkvæmdastjórar sinna stofnanna og nýta sér eftir aðstæðum þá sérfræðiráðgjöf sem hentar hverju sinni.

Talþjálfun á vegum Tröppu fer að mestu fram í fjarfundarbúnaðinum Kara connect en talmeinafræðingar sjá um greiningu og ráðgjöf fyrir börn sem þess þurfa.

Sálfræðingur á vegum Litlu kvíðameðferðarstöðina heimsækir leikskólann að jafnaði þrisvar sinnum yfir skólaárið og sinnir greiningu og ráðgjöf varðandi einstök börn.

	Mjög gott samstarf við bæði Ásgarð og Tröppu sem hefur skipt sköpum fyrir starfseminum þar sem við erum ekki með sérkennara. Sérfræðingar á þeirra vegum hafa unnið með leikskólastjóra að því að efla starfsfólk í markvissri vinnu með börnin.
--	--

2.6 FJÖLDI BARNA

Barnafjöldinn er eftirfarandi haustið 2022 og þar til ný börn verða tekin inn:

Börn fædd árið 2018	9
Börn fædd árið 2019	11
Börn fædd árið 2020	13
Börn fædd árið 2021	7
Alls	40

	<p>Í mars 2023 var farið að taka inn ný börn á nýrri deild, Krílakoti. Í maí hættu einnig 2 börn í leikskólanum vegna flutninga. Þetta tvennt gerði það að verkum að við höfum náð að vinna upp biðlistann. Í byrjun júní 2023 leit þetta því svona út:</p>														
	<table border="1"> <tr> <td>Börn fædd árið 2018</td> <td>9</td> </tr> <tr> <td>Börn fædd árið 2019</td> <td>10</td> </tr> <tr> <td>Börn fædd árið 2020</td> <td>11</td> </tr> <tr> <td>Börn fædd árið 2021</td> <td>12</td> </tr> <tr> <td>Börn fædd árið 2022</td> <td>4</td> </tr> <tr> <td>Alls</td> <td>46</td> </tr> <tr> <td></td> <td></td> </tr> </table>	Börn fædd árið 2018	9	Börn fædd árið 2019	10	Börn fædd árið 2020	11	Börn fædd árið 2021	12	Börn fædd árið 2022	4	Alls	46		
Börn fædd árið 2018	9														
Börn fædd árið 2019	10														
Börn fædd árið 2020	11														
Börn fædd árið 2021	12														
Börn fædd árið 2022	4														
Alls	46														

3. ÁHERSLUR ÁRSINS

Skipta má áherslum ársins upp í faglegar áherslur, skipulagsbreytingar og áherslur í foreldrasamstarfi. Sameiginlegt fyrir þessi þrjú áherslusvið er að þeim er ætlað að bæta enn

fremur leikskólastarfið og færa það nær þeim markmiðum sem sett eru í Skólastefnu Vesturbyggðar og m.a. kemur fram í innra mati leikskólans sem og að búa starfsemina undir nýtt húsnæði með breyttum starfsháttum. Stefnt er að því að gera fáa hluti en gera þá vel.

3.1 SKIPULAGSBREYTINGAR

Ýmsar skipulagsbreytingar verða á þessu starfsári. Unnið er með að nýta betur það rými sem við höfum, bæði í innréttingu deildanna en einnig í skipulagi starfseminnar. Þar vegur hæst að skipuleggja starfsemina þannig að starfsfólk fái að nýta styrkleika sína, sérstaklega styrkleika í málörvun, félagsfærni, útivist/hreyfingu, sköpun og skipulagningu. Er það m.a. gert með því að gefa starfsmönnum ábyrgðarsvið innan sinnar deildar og er stutt við það með því að gefa öllum starfsmönnum kost á að komast í undirbúning 1 klst á viku og með því að efla teymisvinnu innan leikskólans. Einnig er unnið með skipulagningu faglegs starfs, þar sem allar deildir vinna með sama grunnþátt menntunar og deildarstjórar eru studdir í því að skipuleggja starfsemina langt fram í tímann. Einnig er unnið að því að efla samstarf á milli deilda og lögð áhersla á hópastarf þar sem börnunum er skipt upp í minni hópa þar sem betur er hægt að koma til móts við þarfir hvers barns.

	Skipulagsbreytingar hafa gengið eftir og gott betur en það. Allir þeir sem hafa eitthvað að undirbúa hafa komist í undirbúning. Teymisvinnu þarf að efla enn frekar en grunnurinn hefur verið lagður. Efla þarf skipulag kennslu fram í tímann. Samstarf á milli deilda hefur vægast sagt gengið vel og hópastarf nú jafnvel þvert á deildir.
--	---

3.2 FAGLEGAR ÁHERSLUR

Í starfi leikskólans þetta starfsárið er fyrst og fremst lögð áhersla á málþroska og félagsþroska. Í málþroskanum höldum við áfram að vinna með Lubba sem var innleitt á síðasta starfsári og reynum einnig að nýta betur þau tækifæri til að efla málþroskann sem liggja í daglegu starfi, meðal annars með því að auka notkun á tákni með tali og leggja áherslu á ákveðinn orðaforða á ákveðnu tímabili. Hvað varðar félagsþroskann er unnið áfram með Vináttu/Blæ og það starf eflt enn frekar m.a. með að senda fleiri starfsmenn á Vináttunámskeið og að efla teymisvinnu innan leikskólans. Unnið er markvisst með að auka meðvitund um hvernig orð og athafnir

fullorðinna móta félagsþroska barnanna og að veita starfsfólki verkfæri til að nýta sér það til að efla börnin á jákvæðan hátt.

Einnig er lögð áhersla á útikennslu og er það samkvæmt ársáætlun eins og lögð er fram í innra mati. Í þessum þætti verður sérstaklega lögð áhersla á ræktun og útieldamennsku. Búið er að kaupa útielðunargræjur og verið er að breyta einni af geymslunum okkar til að hægt sé að nýta í ræktun yfir vetrartímamann áður en hægt verður að flytja ræktunina yfir í beðin okkar á lóðinni.

Skýrar faglegar áherslur hafa eflt ófaglært starfsfólk í faglegri hugsun og nálgun á börnin. Það hefur gengið sérstaklega vel að efla fókussinn á málþroskann og meðvitund um félagsfærni. Útikennsla eflist sérstaklega með vorinu, farið var í fleiri gönguferðir með minni hópa, byrjað að safna efnivið til sköpunar og svo höfum við prófað að elda yfir eldi nokkrum sinnum. Blóm voru ræktuð um vorið, en ekki tókst að hefja ræktun þvert á deildar um haustið, þar sem breyta þurfti skipulagi starfseminnar í húsinu fyrst.

3.3. ÁHERSLUR Í FORELDRASAMSTARFI

Áherslur í foreldrasamstarfi eru tvíþættar. Annars vegar ganga þær út á að opna leikskólann meira fyrir foreldrum og veita þeim betri innsýn inn í starf leikskólans. Hinsvegar er lögð áhersla á að bæta traust milli foreldra og leikskóla/starfsfólks leikskóla og er þar fyrsta skrefið aukin upplýsingagjöf til foreldra og aukið samtal á milli foreldra og starfsfólks. Einnig er stefnt að sameiginlegri fræðslu fyrir foreldra innan áhersna ársins: málþroska og félagsfærni.

Áherslur í foreldrasamstarfi hafa náðst, fyrir utan að ekki náðist að halda foreldrafræðslu í málþroska fyrir allan hópinn, það verður gert í haust. Aftur á móti hefur farið fram mikil vinna með einstaka foreldrum hvað varðar málþroska sérstakra barna. Boðið var uppá Vináttunámskeið sem kynningu á félagsfærni fyrir allan foreldrahópinn. Traust foreldra til leikskóla hefur aukist til muna og almennt jákvætt viðhorf og samstarf. Upplýsingagjöf til foreldra hefur aukist og upplýsingagjöf milli starfsfólks og foreldra hefur aukist mikið með sérstöku átaki þar sem starfsfólk sagði frá einhverju jákvæðu um hvert barn í hverri viku. Einnig fengum við leyfi til að nota Facebook til að deila myndum og þess háttar, svo upplýsingar og myndir frá deginum koma nú strax til foreldra.

4. STARFSFÓLK

Á nýbyrjuðu skólaári á Arakletti 2022 er áætlað að grunnstöðugildi séu ellefu. Það er miðað er við nemendafjölda og aldursskiptingu nemenda á deildum. Gert er ráð fyrir 87,5% starfi stuðningsfulltrúa með fötluðu barni, 50% starfi í stoðþjónustu, einum í 50% starf í afleysingu og 2 sem hægt er að hringja í ef á þarf að halda. Einn starfsmaður er í fæðingarorlofi og fara 2 í fæðingarorlof síðar á starfsárinu og er byrjað að huga að því að ráða í staðin. Bæta þarf við 1-3 stöðugildum síðar á árinu þegar fleiri börn verða tekin inn í leikskólann og fer það eftir hvernig skipulagsbreytingar leikskólans nýtast hversu margir það þurfa að vera.

4.1 LISTI YFIR STARFSFÓLK

Frá 1. Desember 2022 eru starfsmenn eftirfarandi:

Starfsmenn:	Starfsheiti:	Starfshlutfall:
Viktoría	Leiðbeinandi	100%
Ana Cristina	Matráður	100%
Bergdís Þrastardóttir	Leikskólastjóri	100%
Birna Mjöll Atladóttir	Leiðbeinandi	100%
Elísabet Anna Hermannsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Emil Pálsson	Leiðbeinandi	100%
Ewa Agnieszka Czubaj	Deildarstjóri	100%
Gígja Þöll Rannveigardóttir	Stoðþjónusta	100%
Guðmundur Traustason	Leiðbeinandi/afleysing	
Guðný Ólafía Guðjónsdóttir	Stuðningsfulltrúi	87,5%

Hafdís Ósk Valgeirsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Halldóra Birna Jónsdóttir	Leiðbeinandi/afleysing	
Ingibjörg Haraldsdóttir	Deildarstjóri	81,25%
Ingigerður Blöndal Elínardóttir	Leiðbeinandi	100%
Magdalena Lawicka	Leiðbeinandi	100%
Marcelina Ostazewskz	Deildarstjóri/Leikskólakennari	100%
Martyna Czubaj	Leiðbeinandi/fæðingarorlof/afleysing	100%
Natalie	Leiðbeinandi	Fer í leyfi 16. Des.
Rósa Guðmundsdóttir		50%
Wioletta Maria Kozuch	Leiðbeinandi	100%

Það hefur gengið mjög vel að manna leikskólann í vetur. Vegna þess að við bættum við Krílakoti, þurfti að bæta við starfsfólki og var aukið um 2 stöðugildi. 2 starfsmenn fóru í fæðingarorlof á árinu og gekk vel að ráða fyrir þær, 1 starfsmaður kom úr fæðingarorlofi. 1 starfsmaður er í launalaus leyfi frá miðjum desember og stuðningsfulltrúi í 87,5% starfi hætti í byrjun júní.

4.2 STARFSMANNASTEFNA

Leikskólinn Araklettur hefur ekki mótað sér sérstaka starfsmannastefnu heldur unnið eftir starfsmannastefnu Vesturbyggðar. Starfsmannahandbók var uppfærð vorið 2021.

4.2.1 Móttaka nýliða

Móttökuáætlun starfsmanna þarfnast endurskoðunar.

4.3 STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN

Með starfsþróun er átt við samfelld ferli sem miðar að því að auka og efla færni og þekkingu starfsmanns og tekur starfsþróunaráætlunin mið af starfsemi og markmiðun stofnunarinnar. Markmið starfsþróunaráætlunar 2022-2023 er því að fá starfsmenn til að nýta styrkleika sína, sérstaklega styrkleika á sviðum félagsfærni, málörvunar, útivistar, sköpunar og skipulags, þar með talið skipulag faglegs starfs.

4.3.1 Starfsdagar

Skipulag starfsdaga tekur mið af þessum áherslum:

Dagsetning	Áherslur	Utanaðkomandi fræðsla
9. September	Áhersla lögð á málörvun og skipulag faglegs starfs með undirbúningi.	Námskeið um málörvun.
14. Nóvember	Sameiginlegur starfsdagur með Tjarnarbrekkur og Klifi, haldinn á Bíldudal.	Gunnþór frá Ásgarði kynnir Innra mat leikskóla og skólastefnu Vesturbyggðar.
2. Janúar	Áhersla á félagsfærni, ásamt skipulagi faglegs starfs/undirbúningur.	<i>Viðurkenning veitir vellíðan,</i> fræðsla um tilfinningaþroska og félagsfærni frá Kris Bay
6. mars	Annað hvort áhersla á félagsfærni eða útikennslu og ræðst það af því hvort við fáum fræðslu frá Barnaheill á þessum tíma eða ekki.	
19. og 21. Apríl	Áhersla á skipulag faglegs starfs og útikennslu.	Stefnt er á vettvangsferð til að skoða leikskóla í Danmörku

14. nóvember, 2. Janúar og 6. Mars verða starfsdagar haldnir í samstarfi við aðra leikskóla í Vesturbyggð.

	Skipulag starfsdaga gekk eftir. Við fengum námskeið í félagsfærni, fórum í náms- og kynnisferð til Danmerkur, kynntumst innra-matinu og héldum sameiginlega starfsdaga með öðrum leikskólum á svæðinu.
--	--

4.3.2 Símenntun

Fyrir utan þá fræðslu sem er í boði á starfsdögum getur starfsmaður sjálfur óskað eftir að sækja námskeið og fyrirlestra. Starfsmaður sem vill sækja námskeið eða fyrirlestur í vinnutíma sínum sækir um það til leikskólastjóra sem metur hvort hægt er að verða við beiðninni. Starfsfólk getur síðan valið sér námskeið eða fyrirlestra sem tengjast starfinu og sótt um styrk til þess hjá stéttarfélagi í samráði við leikskólastjóra.

Þar fyrir utan getur leikskólastjóri valið að senda starfsfólk á námskeið og hafa nú þegar 4 starfsmenn farið á Vináttunámskeið Barnaheilla í fjarkennslu. Stefnt er á að senda fleiri eftir þörfum og möguleika.

	5 starfsmenn fóru á Vináttunámskeið á árinu.
--	--

4.3.3 Markmið starfsþróunar

Markmið stefnumiðaðrar starfsþróunar er að stuðla að aukinni starfsánægju, hafa áhrif á árangur í starfi og minnka líkur á brotthvarfi starfsmanns úr starfi. Ábyrgðin á starfsþróun hvílir bæði á vinnuveitanda og starfsmanni að því leyti að vinnuveitanda ber að skapa umgjörð og tækifæri til starfsþróunar en starfsmaðurinn þarf að vera meðvitaður um eigin styrkleika og veikleika og gera sér raunhæfa áætlun til framtíðar. Fyrstu mánuði starfsársins hefur verið lögð áhersla á að skapa þessa umgjörð og tækifæri með ýmsum áherslubreytingum í starfinu svo raunhæfara verði fyrir starfsfólk að setja sér markmið, og að starfsþróunarsamtöl síðar á starfsárinu skili árangri.

Unnið hefur verið markvisst með styrkleika starfsfólks. Starfsánægja aukist til muna sem m.a. sést á minni veikindum.

4.3.4 Starfspróunarsamtöl

Starfspróunarsamtöl verða haldin einu sinni á starfsárinu 2022-2023 og fara fram í janúar og febrúar. Verður lögð áhersla á hvernig starfsmönnum gangi að fóta sig á þeim breytingartíma sem er á starfseminni, tengdum bæði áherslubreytingum og skipulagsbreytingum tengdum stækkun húsnæðis. Rætt verður um starf hversu og eins, óskir, markmið og metnað í starfi, fræðslusþörf og frammistöðu að mati starfsmannsins.

Ekki náðist að halda starfspróunarsamtöl á starfsárinu.

4.3.3 Áætlun funda skólaárið 2022-2023

Reglulegir fundir:

- Deildarstjórafundir einu sinni í viku.
- Deildarfundir á þriggja vikna fresti, haldnir með sérkennsluráðgjafa eftir þörfum.
- Stjóðþjónustuteymisfundir eru einu sinni í mánuði.
- Innramatsteymisfundir eru haldnir einu sinni í mánuði
- Sameiginlegur fundur leikskólastjóra og deildarstjóra með öllum foreldrum á hverri deild er haldinn einu sinni á ári.
- Samráðsfundir leikskólastjóra á sunnanverðum Vestfjörðum.
- Fundur deildarstjóra með foreldrum hvers barns fyrir sig er haldinn einu sinni á ári.
- Samráðsfundir leikskólastjóra og deildarstjóra eru haldnir viku- eða hálfsmánðalega.

Fundir haldnir eftir þörfum

- Fundir leikskólastjóra og/eða sérkennslustjóra með foreldrum
- Áfallateymisfundir
- Upplýsingafundir leikskólastjóra með foreldrum

Fundir sem eru ekki skipulagðir eins og er:

- Lífsmennta- Heilsu-og Umhverfissfundir
- Öryggisnefndarfundir
- Áfallateymisfundir
- Verferðarráðsfundir

Deildarstjórafundir hafa ekki legið fast einu sinni í viku en hafa verið haldnir eftir þörfum. Aftur á móti hafa samskipti deildarstjóra á milli batnað og samráð aukist, sem og að samskipti og samráð deildarstjóra við leikskólastjóra fyrir utan deildarstjórafundir hafa verið góð. Fundur leikskólastjóra/deildarstjóra með foreldrum á hverri deild var ekki haldinn í ár, þar sem áherslan í starfinu hefur verið á að við erum einn leikskóli, ekki 3 deildir, og hefur upplýsingagjöf til foreldra miðast við það. Deildarfundir, með sérkennsluráðgjafa, voru haldnir mjög reglulega til að byrja með á árinu en fór fækkandi í vetur, fyrst vegna mikilla veikinda og en svo vegna þess að þeir urðu minna markvissir þegar við fórum að hafa opinn leikskóla/flæði fyrir hádegi.

5. MAT Á SKÓLASTARFI

Mat á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og Aðalnámskrá leikskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun. Innra mat veitir upplýsingar um stöðu leikskólans í ákveðnum þáttum og er ákveðið að hausti hvað skal meta og hvernig.

Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Fræðslunefnd Vesturbyggðar hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist lögum um leikskóla, reglugerðum og Aðalnámskrá leikskóla.

Sjá nánar Lög um leikskóla; VII. kafli. Mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs.

Unnið er áfram með það matsteymi sem skipað var í ágúst 2021, en það skipa:

- Skólastjóri: Bergdís Þrastardóttir

- Fulltrúi starfsmanna: Martyna og Marcelina
- Fulltrúi foreldra: Katrín Vignisdóttir

Veturinn 2021-2022 var innra mat skólans endurskoðað, skipað í matsteymi og unnin langtímaáætlun um innra mat; hvað er metið, hvernig, hvenær og hvernig unnið verði að úrbótum. Starfsárið 2022-2023 er unnið eftir þessari langtímaáætlun og áhersla lögð á:

Skólastefna og sérstakar áherslur:

- Uppeldi til ábyrgðar
- Leikinn og útikennslu

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

- Viðhorf foreldra
- Samstarf við grunnskóla

Uppeldis og menntastarf:

- Skipulag náms og námsaðstæður
- Uppeldi, menntun og starfshætti
- Leik og nám – lýðræði, jafnrétti og þáttöku barna
- Námsvið leikskólans
- Leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans
- Mat á námi og velferð barna

Stjórnun:

- Faglegt samstarf

Leikskólabragur

- Viðmót og menning
- Hlutverk leikskólakennara
- Fagmennska starfsfólks
- Starfánægja

Teymið sér um skipulag matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur í samráði við ráðgjafa Ásgarðs.

	<p>Gengið hefur sérstaklega vel viðhof foreldra, samstarf við grunnskóla, starfsánægju og öll atriði sem snúa að leikskólabrag. Farið var sérstaklega yfir leikskóla án aðgreiningar/leikskóla margbreytileikans á starfsdegi 2. Janúar og tekist mjög vel upp með það, sérstaklega eftir að við opnuðum á milli deilda og börnin geta sjálf sóst í örvun við hæfi. Vel hefur gengið að vinna með sérstaklega þáttöku barna, skipulag náms og námsaðstæður hafa aukis m.a. með auknum undirbúningi starfsfólks og aukinni fagmennsku. Farið hefur verið í ákveðin atriði í uppeldi til ábyrgðar sem snúa að því að viðurkenningu og hvernig við tölum við börnin.</p>
--	---

5.1 SKIMANAÁÆTLUN

Til að fylgjast með framvindu og velferð barna í leikskólanum styðst leikskólinn við hin ýmsu matstæki. Niðurstöður þeirra eru notaðar til að koma til móts við einstaklinga þar sem þeir eru staddir. Þeim upplýsingum er miðlað áfram ef börnin flytja á milli leikskóla eða skólastiga. Sérkennslustjóri sér að jafnaði um að halda utan um fyrirlögn skimana en þær eru gerðar í samvinnu og með upplýstu samþykki foreldra.

Matstæki	Hvers konar	Hversu oft	Áhersluþættir	Hver leggur matið fyrir
Smábarnalisti n (15-38 mán.)	Matslisti sem mæður svara	Eftir þörfum	Hreyfi-, vitsmuna- og málþroski	Sérkennslustjóri/kennari með réttindi
EFI-2, börn á fjórða aldursári	Stöðupróf	Eftir þörfum	Málþroski	Sérkennslustjóri/kennari með réttindi
Íslenski þroskalistinn, 3-6 ára	Matslisti	Eftir þörfum	Hreyfi-, vitsmuna- og málþroski	Sérkennslustjóri/kennari með réttindi
AEPS	Matslisti sem nýttur er við gerð einstaklingsnámsskrár	2x á ári	Fín- og grófhreyfingar, færni við daglegar athafnir, vitsmunapáttur, félagsleg samskipti og	Sérkennslustjóri, deildarstjóri/ stuðningsaðili og foreldrar.

			félagsleg tjáskipti	
--	--	--	---------------------	--

	Smábarnalistinn og íslenski þroskalistinn hafa verið notaðir eftir þörfum. Ekki náðist að fara í gegnum EFI-2 vegna skorts á deildarstjóra sérkennslu og anna hjá leikskólastjóra. En um 15% barna á leikskólanum hafa farið í gegnum AEPS. Einnig höfum við nýtt okkur einfalda skimunarlista sérlega miðaða við málþroska sem við höfum farið yfir með yngstu börnum leikskólans.
--	---

6. FORELDRASAMSTARF

Á Arakletti er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggji á virðingu og gagnkvæmum skilningi fyrir viðhorfum og þekkingu og er umhyggja og velferð barnanna höfð að leiðarljósi. Samstarfið byggir á þeirri forsendu að foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að starfsmenn leikskólans og foreldrar geta treyst hvoru öðru, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin. Þátttaka foreldra í skólastarfinu er mikilvæg. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og er hlutverk þess að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem snerta starfsemi leikskólans. Foreldrafélag leikskólans hefur að meginmarkmiði að styðja og styrkja kennslu og uppeldisstarf leikskólans.

Á Arakletti er svokölluð „hefðbundin aðlögun“ þar sem foreldri og barn mæta í upphafi leikskólagöngu eftir sérstakri aðlögunaráætlun. Aðlögunartími er áætlaður ein vika en getur verið styttri eða lengri eftir því hvernig ferlið gengur. Móttökuáætlun má sjá hér: [móttaka og aðlögun nemenda \(2\).pdf \(leikskolinn.is\)](#)

6.1 FRÉTTABRÉF OG HEIMASÍÐA

Fréttir, fræðslu og helstu upplýsingar um leikskólastarfið má finna heimasíðu leikskólans, <http://araklettur.leikskolinn.is/> Leikskólinn heldur jafnframt úti Facebook síðu sem er lokuð en þar geta foreldra og starfsfólk sett inn tilkynningar og átt samskipti sín á milli <https://www.facebook.com/groups/1581037792203936/?ref=bookmarks> Starfsmenn nýta Karellenappið til að skrá viðberu barna og þar geta foreldrar átt samskipti við deild barna sinna.

Í andyrum deilda eru upplýsingatöflur sem starfsmenn nýta til að koma fram upplýsingum til foreldra er varðar dagleg starf. Einnig nýta starfsmenn tölvupóst til samskipta við foreldra.

Foreldraviðtal eru einu sinni á ári í tengslum við afmælisdag barnsins. Þá er farið saman yfir þroskamat sem starfsfólk hefur tekið á barninu og rætt ýmislegt fleira sem foreldrar og starfsmenn vilja koma á framfæri eða ræða frekar. Auk þess geta foreldrar hvenær sem er beðið um viðtal við deildarstjóra, sérkennslustjóra eða leikskólastjóra.

	Upplýsingaflæði, sérstaklega upplýsingar um faglegt starf, hefur aukist og hefur það hlotið góðar undirtektir. Foreldraviðtöl fyrir öll börn voru haldin í maí, en ekki í tengslum við afmælisdag barnsins. Samskipti leikskóla við foreldra í gegnum Facebook hafa aukist eins og lýst að ofan.
--	--

6.2 FORELDRARÁÐ

Samkvæmt lögum um leikskóla, 11. gr., skal foreldraráð vera starfandi í hverju leikskóla. Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í ráðið sem í skulu sitja að lágmarki þrír foreldrar ásamt leikskólastjóra. Foreldraráð situr til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2008.090.html>.

Á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti kjósa foreldrar fulltrúa í foreldrafélag og foreldraráð leikskólans.

Foreldraráð 2020-2022 skipa:

Formaður: Katrín Vignisdóttir - katrinvignis@gmail.com

Gjaldkeri: Margrét Hólmfríður Magnúsdóttir - magga1991@gmail.com

Aðrir í stjórn:

Kara Gunnarsdóttir - kara96@live.com;

Vala Guðmundsdóttir - valadg@gmail.com

6.3 FORELDRAFÉLAG

Við leikskólann eru starfandi foreldrafélag. Þegar barn hefur leikskólagöngu ganga foreldrar sjálfkrafa í félagið. Foreldrafélagið eru með fjáröflunarstarf; kökubasar og bingó. Það stendur straum af leiksýningum og gefur börnum leikskólans jólagjöf auk þess að sjá um jólaföndur og vorferð leikskólans en þær eru farin seint í maí eða byrjun júní. Fundargerðum bæði foreldraráðs og foreldrafélags er ætlað að fara aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

	Eiginlegt foreldraráð hefur ekki verið starfrækt við leikskólann, en mjög gott samstarf hefur verið við foreldrafélagið og samráð haft um þau atriði sem hafa þurfa þótt.
--	---

7. SAMSTARF VIÐ GRENNARSAMFÉLAGIÐ

Á Arakletti er lögð áhersla á gott samstarf við alla í grenndarsamfélagi leikskólans og sveitarfélagið allt.

7.1 SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Meðal meginatriða nýrrar menntastefnu, sem mótuð var með gildistöku laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2008, var að auka svigrúm, sveigjanleika og samfellu á milli skólastiga og innan hvers skólastigs. Helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Einnig er markmiðið að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara og námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga. <http://namskra.is/books/adalnamskrarunnskola2011/tengslskolastiga>

Samvinna við grunnskólann er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og það auðveldar börnunum að flytjast á milli skólastiga. Samvinna við grunnskólann mun á þessu starfsári aðallega felast í:

7.1.1 Samstarf við Klif

Elstu börnin á Arakletti fara með börnunum á Klifi í íþróttir einu sinni í viku.

Börnin á Klifi eru boðin að taka þátt í sérstökum viðburðum á Arakletti, svo sem Hrekkjavökunni. Verið er að skoða að börnin á Klifi komi í aðrar heimsóknir á Araklett. Elstu börnin á Arakletti fara síðan í skipulagðar heimsóknir á Klif á síðari hluta starfsársins.

7.1.2 Val á miðstigi

Frá miðjum Nóvember geta nemendur á miðstigi valið að koma í leikskólann. Það geta komið 6 börn í senn, 2 á hverja deild, 4 sinnum í viku.

	Samstarf við leik- og grunnskóla hefur verið gott og eins og lýst hefur verið. Ennfremur hefur samstarf við leikskóla á Tálknafirði og Bíldudal verið elft, sérstaklega við Bíldudal m.a. með sameiginlegum starfsdegi o.fl.
--	--

7.2 HEILSUGÆSLUSTÖÐ

Samstarf við heilsugæslustöðina hefur aðallega verið vegna barna þar sem áhyggjur koma upp í heilbrigðisskoðun barn. En hingað til hefur þetta farið þannig fram að heilbrigðisstofnunin boðar til og hefur umsjón með ung- og smábarnavernd. Ef áhyggjur koma upp í heilbrigðisskoðun barns hefur hjúkrunarfræðingur samband við leikskólann með samþykki foreldra/forráðamanna. Munu ný lög um Samþættingu þjónustu í þágu velferðar barna auðvelda þetta samstarf enn frekar.

	Mjög gott samstarf við heilsugæslustöðina.
--	--

7.3 TÓNLISTARSKÓLI VESTURBYGGÐAR

Samstarf er við Tónlistarskóla Vesturbyggðar þar sem nemendur frá Tónlistarskólanum koma reglulega og spila fyrir börnin.

	Við fengum reglulega heimsókn frá nemendum úr Tónlistarskólanum sem og að allir nemendur leikskólans fóru einu sinni saman í heimsókn í Tónlistarskólann.
--	---

7.4. SAMSTARF VIÐ ELDRI BORGARA

Verið er að skoða mögulega samstarfsfleti við eldri borgara sveitarfélagsins.

	Enn hefur ekki verið komið á samstarfi við eldri borgara en það er enn á dagskránni.
--	--

8 ÖRYGGISMÁL

8.1. VINNUEFTIRLIT

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlitsskyldu með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í leikskólum, út frá hagsmunum starfsmanna. Fulltrúi frá Vinnueftirliti ríkisins kemur árlega og tekur út vinnuaðstæður í leikskólanum. Í leikskólum þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri skal atvinnurekandi tilnefna af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu kjósa úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann. Leikskólastjóri gegnir hlutverki öryggisvarðar. Tilkynna skal vinnuslys á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má ásamt reglum í möppu um vinnueftirlitið.

8.2 ÖRYGGISRÁÐ, ÖRYGGISTRÚNAÐARMAÐUR OG ÖRYGGISVERÐIR

Öryggisnefnd á Arakletti er skipuð öryggistrúnaðarmanni og öryggisvörðum. Hlutverk hennar er að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og vinna að forvörnum gegn slysum og atvinnutengdum sjúkdómum. Gert er áhættumat og framkvæmdar nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir. Starfsmenn deilda sjá um eftirlit innan og utanhúss. Á hverjum morgni, áður en börnin fara út í leik, er farið yfir lóð leikskólans. Öllum ábendingum á að koma til skila til leikskólastjóra.

	Ekki hefur verið settur eða kosinn öryggistrúnaðarmaður. Slökkvibúnaður hússins hefur verið tekinn út tvisvar og brunaliðsstjóri tók út húsið á árinu.
--	--

9. SKÓLADAGATAL

Starfsáætlun nemenda birtist fyrst og fremst í skóladagatali Arakletts. Skóladagatal er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur allt starfsfólk skólans, foreldrafélagið,

skólaráð og fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Samkvæmt verklagsreglum leikskóla Vesturbyggðar skal leggja fram skóladagatal og samþykkja með því lokanir á stórhátíðardögum og skipulags- og fundardögum. Lokað er aðfangadag og gamlársgangur. Leikskólagjöld eru ekki frádregin þessa daga.

Skóladagatöl Arakletts og Grunnskóla Patreksfjarðar hafa verið samræmd eins og kostur er til að koma til móts við foreldra sem eiga börn á báðum skólastigum.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um tímasetningu sumarfrís árið 2023.

9.1. SÉRSTAKIR DAGAR

Stefna leikskólans í þessum sérstöku dögum hefur verið endurskoðuð fyrir þetta skólaár.

Lögð er áhersla á að hafa fáa uppbrotsdaga en gera þá vel og vera meðvituð um hvaða markmiðum þeir þjóna, svo þeir auki ekki að óþörfu álag á starfsfólk. Eftirfarandi viðburðir eru nú þegar skipulagðir:

- Hrekkjavakan 28. Október
- Litlu jólin og aðventukaffi 16. Desember
- Bóndadagur 20. Janúar
- Dagur leikskólans 6. febrúar
- Konudagur 17. Febrúar
- Bolludagur 20. Mars
- Sprengidagur 21. Mars
- Öskudagur 22. Mars
- Patreksdagur 17. Mars
- Sumarhátíð í júní
- Útskriftarferð elstu barna.

	Áherslu á uppbrotsdaga var fylgt eftir og við erum núna meðvituð um hvaða tilgangi þeir þjóna. Tilgangurinn getur verið misjafn og hefur mikil áhersla verið á að nýta uppbrotsdagana til að fá foreldrana meira inn í leikskólann. Við urðum líka meðvituð um að dreifa álagi og ákváðum því að halda ekki upp á konudaginn, en halda þess í stað aðstandendakaffi í tengslum við mæðradaginn í maí. Sumarhátíð hefur verið frestað vegna framkvæmda á lóðinni og viljum við halda hausthátíð í staðinn og fagna því að fá að eiga veturinn saman. Lítið var gert úr degi leikskólans, en í staðin farið í leikshús með rútu. Gerð var könnun á meðal foreldra um
--	--

	sumarfrí og ákveðið að sumarlokun leikskóla yrði annað hvert ár frá miðjum júlí til miðs ágústs og hinsvegar í júlí. Árið 2023 er það frá miðjum júlí til miðs ágústs.
--	--

10. LOKAORÐ

Talsverðar breytingar hafa orðið á stjórnendateymi Arakletts á síðustu misserum og ber starfsáætlun þess merki. Að ýmsu er að hyggja er varðar stefnumótun í leikskólanum og mörg verkefni fyrir höndum. Mikill metnaður er þó hjá starfsfólki, stjórnendum og sveitarfélagi í leikskólamálum og spennandi tímar því framundan.